# Sjónarhorn blaðamanns

Ráðstefna um umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur og afbrot 18. apríl 2008

Rúnar Pálmason, Morgunblaðinu

# Vantar fyrirsögn … deadline nálgast …

## Þrír menn köstuðu sér út úr bíl á fullri ferð á flótta undan lögreglu

FJÓRIR menn með pólskt ríkisfang, eru grunaðir um innbrot í þjónustumiðstöðina Vegamót á Snæfellsnesi á sunnudagskvöld. Fór lögreglan í Snæfellsbæ fram á gæsluvarðhald yfir þremur þeirra í gær, en dómari við Héraðsdóm Vesturlands tók sér frest til dagsins í dag til að taka afstöðu til krafnanna. Jafnframt lagði lögregla fram beiðni um húsleitarheimild á dvalarstað mannanna. Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir fjórða manninum þar sem hann liggur á sjúkrahúsi vegna meiðsla sem hann hlaut þegar hann kastaði sér út úr sendibifreið skömmu áður en lögregla stöðvaði för mannanna. Líklegt er að lögregla muni krefjast gæsluvarðhalds yfir honum þegar hann útskrifast af sjúkrahúsinu. Hann mun ekki alvarlega slasaður.

Eigandi þjónustumiðstöðvarinnar átti leið á staðinn fyrir tilviljun um áttaleytið í fyrrakvöld og kom þar að mönnunum innandyra. Þeir höfðu brotið sér leið um glugga bakatil og voru búnir að stafla upp ýmsum varningi sem þeir ætluðu væntanlega að taka með sér. Eftir að eigandinn hafði gert vart við sig flúðu þeir á brott á hvítri Volkswagen Transporter-sendibifreið. Eigandinn gerði lögreglu þegar við vart og voru lögreglubílar sendir frá Grundarfirði, Ólafsvík, Stykkishólmi og Borgarnesi.

### Slasaður og gegnblautur

Ólafur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi, segir að lögreglumenn frá Borgarnesi hafi mætt sendibílnum við Hítará. Þeir sneru þegar við og hófu eftirför og fljótlega var bíllinn stöðvaður. Þá var aðeins einn maður í bílnum en opin hliðarhurð vakti grunsemdir um að hinir hefðu stokkið út úr bifreiðinni. Lögregla fór því að svipast um eftir hinum og fljótlega fundust tveir þeirra ofan í skurði skammt frá þeim stað sem bíllinn var stöðvaður. Eftir að lögreglumenn frá Snæfellsnesi bættust í hópinn fannst sá þriðji en hann hafði kastast ofan í skurð og




var bæði slasaður og gegnblautur. Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans í Fossvogi og kom þar í ljós að hann hafði hlotið áverka á hrygg og fingurbrotnað. Hinir þrír voru fluttir í fangageymslur í Stykkishólmi. Ólafur segir að mennirnir neiti því að hafa brotist inn á Vegamótum en hafi ekki gefið trúverðugar skýringar á því hvers vegna þrír þeirra stukku út úr bifreiðinni eftir að lögregla gaf þeim merki um að stöðva. Við yfirheyrslur kváðust mennirnir vera pólskir ríkisborgarar og hafa komið til landsins sem ferðamenn fyrir um 1½–2 mánuðum. Þeir voru skilríkjalausir en sögðust geyma vegabréf sín á gistiheimili í Reykjavík. Ríkislögreglustjóri aðstoðar við rannsókn málsins og kannar m.a. hvort Pólverjarnir séu í raun þeir sem þeir segjast vera og hvort þeir hafi komist í kast við lögin í öðrum löndum.

### Alls kyns munir í bílnum

Sendibílnum sem mennirnir óku var stolið á höfuðborgarsvæðinu fyrir nokkru. Hún hafði verið afskráð en var með númeraplötur af annarri bifreið þegar lögregla stöðvaði hana. Í bílnum fundust ýmsir munir sem eru taldir vera þýfi úr innbrotum. Óskar lögregla eftir því að sumarbústaðaeigendur og aðrir kanni hvort brotist hafi verið inn hjá þeim. Þeir sem hafa upplýsingar um ferðir sendibílsins eru beðnir um að hafa samband við lögreglu.

Mbl. 3.12.01

# Erlendir ferðamenn voru staðnir að verki við innbrot

## Þrír menn köstuðu sér út úr bíl á fullri ferð á flótta undan lögreglu

**FJÓRIR** menn með pólskt ríkisfang, eru grunaðir um innbrot í þjónustumiðstöðina Vegamót á Snæfellsnesi á sunnudagskvöld. Fór lögreglan í Snæfellsbæ fram á gæsluvarðhald yfir þremur þeirra í gær, en dómari við Héraðsdóm Vesturlands tók sér frest til dagsins í dag til að taka afstöðu til krafnanna. Jafnframt lagði lögregla fram beiðni um húsleitarheimild á dvalarstað mannanna. Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir fjórða manninum þar sem hann liggur á sjúkrahúsi vegna meiðsla sem hann hlaut þegar hann kastaði sér út úr sendibifreið skömmu áður en lögregla stöðvaði för mannanna. Líklegt er að lögregla muni krefjast gæsluvarðhalds yfir honum þegar hann útskrifast af sjúkrahúsinu. Hann mun ekki alvarlega slasaður.

Eigandi þjónustumiðstöðvarinnar átti leið á staðinn fyrir tilviljun um áttaleytið í fyrrakvöld og kom þar að mönnunum innandyra. Þeir höfðu brotið sér leið um glugga bakatil og voru búnir að stafla upp ýmsum varningi sem þeir ætluðu væntanlega að taka með sér. Eftir að eigandinn hafði gert vart við sig flúðu þeir á brott á hvítri Volkswagen Transporter-sendibifreið. Eigandinn gerði lögreglu þegar við vart og voru lögreglubílar sendir frá Grundarfirði, Ólafsvík, Stykkishólmi og Borgarnesi.

### Slasaður og gegnblautur

Ólafur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Snæfellsnesi, segir að lögreglumenn frá Borgarnesi hafi mætt sendibílnum við Hítará. Þeir sneru þegar við og hófu eftirför og fljótlega var bíllinn stöðvaður. Þá var aðeins einn maður í bílnum en opin hliðarhurð vakti grunsemdir um að hinir hefðu stokkið út úr bifreiðinni. Lögregla fór því að svipast um eftir hinum og fljótlega fundust tveir þeirra ofan í skurði skammt frá þeim stað sem bíllinn var stöðvaður. Eftir að lögreglumenn frá Snæfellsnesi bættust í hópinn fannst sá þriðji en hann hafði kastast ofan í skurð og




var bæði slasaður og gegnblautur. Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans í Fossvogi og kom þar í ljós að hann hafði hlotið áverka á hrygg og fingurbrotnað. Hinir þrír voru fluttir í fangageymslur í Stykkishólmi. Ólafur segir að mennirnir neiti því að hafa brotist inn á Vegamótum en hafi ekki gefið trúverðugar skýringar á því hvers vegna þrír þeirra stukku út úr bifreiðinni eftir að lögregla gaf þeim merki um að stöðva. Við yfirheyrslur kváðust mennirnir vera pólskir ríkisborgarar og hafa komið til landsins sem ferðamenn fyrir um 1½–2 mánuðum. Þeir voru skilríkjalausir en sögðust geyma vegabréf sín á gistiheimili í Reykjavík. Ríkislögreglustjóri aðstoðar við rannsókn málsins og kannar m.a. hvort Pólverjarnir séu í raun þeir sem þeir segjast vera og hvort þeir hafi komist í kast við lögin í öðrum löndum.

### Alls kyns munir í bílnum

Sendibílnum sem mennirnir óku var stolið á höfuðborgarsvæðinu fyrir nokkru. Hún hafði verið afskráð en var með númeraplötur af annarri bifreið þegar lögregla stöðvaði hana. Í bílnum fundust ýmsir munir sem eru taldir vera þýfi úr innbrotum. Óskar lögregla eftir því að sumarbústaðaeigendur og aðrir kanni hvort brotist hafi verið inn hjá þeim. Þeir sem hafa upplýsingar um ferðir sendibílsins eru beðnir um að hafa samband við lögreglu.

Mbl. 3.12.02

# Aftur í ferðalag til Íslands

# Gripinn við endurkomu

■ Í þjófagengi sem var handtekið á Snæfellsnesi eftir fífldjarfa flóttatilraun ■ Var bönnuð endurkoma 2003 ■ Með honum var par með kíló af amfetamíni í nærbuxum og brjóstahaldi

KARLMAÐUR á sextugsaldri sem var úrskurðaður í endurkomubann til Íslands árið 2003 var á föstudag stöðvaður í Leifsstöð af tollgæslunni á Suðurnesjum þegar hann reyndi að komast aftur inn í landið. Í kjölfarið hófst rannsókn sem leiddi til þess að karlmaður og kona, par um þrítugt, sem höfðu ferðast með manninum voru einnig handtekin og reyndust þau vera með samanlagt eitt kíló af ætluðu amfetamíni innanklæða.

**Fíkniefni falin í nærfatnaði**

Þremenningarnir, pólskir ríkisborgarar, voru að koma frá Amsterdam. Konan var með fíkniefnin falin í brjóstahaldara en karlmaðurinn hafði falið þau í nærbuxunum. Fólkið var af Héraðsdómi Reykjaness úrskurðað í gæsluvarðhald til 11. apríl næstkomandi og una þau þeim úrskurði.

Að sögn Jóhanns R. Benediktssonar, lögreglustjóra á Suðurnesjum, var það árvökull tollvörður sem þekkti manninn þegar hann gekk inn í komusal Leifsstöðvar en maðurinn hafði komið við sögu tollgæslu og lögreglu á flugvellinum áður en honum var vísað af landi brott árið 2003. Jóhann segir handtöku fólksins skýrt dæmi um góða samvinnu tollgæslu og lögreglu.

**Einn fannst slasaður**

Ástæðan fyrir endurkomubanninu er sú að maðurinn var árið 2003 dæmdur fyrir innbrot og þjófnaði, m.a. í þjónustumiðstöðina Vegamót á Snæfellsnesi, í félagi við þrjá samlanda sína. Málið vakti töluverða athygli á sínum tíma, einkum fyrir fífldjarfa en þó algjörlega misheppnaða flóttatilraun.

Aðdragandinn var sá að eigandi Vegamóta kom að mönnunum við innbrotið og lögðu þeir þá á flótta á hvítri sendibifreið og óku í átt að Borgarnesi. Við Hítará mætti lögreglan í Borgarnesi bílnum og gaf lögregla merki um að stöðva og sneri síðan lögreglubílnum við og hóf eftirför. Þegar lögregla dró sendibílinn uppi og stöðvaði var hins vegar aðeins einn maður í bílnum en opnar hliðardyr vöktu grunsemdir og fljótlega kom í ljós að þrír þeirra höfðu kastað sér út úr bílnum á ferð. Lögreglan fann fljótlega tvo þeirra þar sem þeir földu sig ofan í skurði. Sá þriðji fannst nokkru síðar en hann hafði kastast ofan í skurð og var bæði slasaður og gegnblautur, hafði m.a. fingurbrotnað og hlotið áverka á hrygg. Í sendibílnum fannst þýfi frá Vegamótum og úr öðrum innbrotum.

Mbl. 31.03.08

# Þjóðernið skiptir ekki máli fyrir fréttina

## Grunaður um að leita á ungar stúlkur

LÖGREGLAN á Suðurnesjum handtók á sunnudag karlmann sem grunaður er um að hafa leitað á ungar stúlkur í Sundmiðstöðinni í Reykjanesbæ. Fimm kærur hafa borist vegna málsins og von er á fleirum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er maðurinn einnig grunaður um að hafa leitað á stúlkur sem voru í sundlauginni á föstudag. Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum.

*Mbl. 26.02.08*

## Farbann staðfest vegna áreitni

HÆSTIRÉTTUR hefur staðfest farbannsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir karlmanni, erlendum ríkisborgara, sem er grunaður um að hafa áreitt ungar stúlkur í sundlaug í Reykjanesbæ nýverið. Héraðsdómur hafnaði kröfu lögreglustjóraembættisins á Suðurnesjum um að hinum grunaða væri gert að sæta gæsluvarðhaldi og tók Hæstiréttur undir þann úrskurð.

Lögreglustjóri hefur manninn grunaðan um ætlað brot gegn samtals 10 stúlkum í sundmiðstöðinni. Var hann handtekinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar hann hugðist komast með flugi til Kaupmannahafnar.

*Mbl. 5.03.08*